

REGLUGJÖRÐ

78
21. nóv.

um

sölu áfengis til verklegra nota, suðuvökva o. fl., sett samkvæmt lögum
nr. 64 og lögum nr. 69 frá 1928.

1. gr.

Í reglugjörð þessari táknað „áfengi til verklegra nota“ hverskonar vínanda eða áfengisvökva, blandaðan eða óblandaðan, sem notaður er til iðnþarfa. Er þetta áfengi ýmist fullmengað, hálfmengað eða ómengað.

2. gr.

Fullmengaður er sá vínandi, sem mengaður er með 0,5%, af pyridinbösum og 2% af óhreinsuðum trjávínanda (methylalkohol), er í sjeu 20% acetone. Forstöðumenn áfengisverslunarinnar og efnarannsóknarstofunnar sjá um að mengunin sje eins og segir í reglugjörð þessari.

3. gr.

Hálfmengaður er sá vínandi, sem mengaður er með efnum, sem fremur auðvelt er að ná úr vínandanum aftur, eða þá að mengunin er þess eðlis, að vínandinn verður ekki með öllu talinn óhæfur til drykkjar. Þar til telst, til dæmis að taka, vínandi mengaður með 0,5% terpiníolíu, eða 0,5% af bergamotolíu, eða með 5,5% af skellakki.

Vínandi mengast þannig með skellakki: Í hverja 100 lítra af vínanda, skal blanda 20 lítrum af skellakksupplausn, sem búin er til úr 2 hlutum vínanda og 1 hluta skellakks.

Til vissra iðnþarfa má, ef þurfa þykir, menga vínandann með öðrum efnum en framantöldum, eftir því sem nefndir forstöðumenn telja gjörlegt.

Ilmvötn, andlitsvötn, hárvötn og slíka vökva, er fyrst um sinn, eins og hingað til, hverri verslun heimilt að flytja til landsins í glösum, sem taka alt að $\frac{1}{4}$ — fjórðung — lítra, og selja í slíkum skömtum.

Ríkisstjórnin getur hvenær sem er, tekið í sínar hendur innflutning og heildsölu þessara vökva.

78

21. nóv.

4. gr.

Áfengi til verklegra nota, telst vera:

- a. Áfengi handa smiðum, aðallega til fægingar og gljáningar.
- b. Áfengi til gosdrykkjagerðar, brjóstsýkursgerðar og annars þvílíks.
- c. Áfengi til efnarannsóknar, vísindarannsóknar og náttúrugripasafna.
- d. Áfengi til eldsneytis.

5. gr.

Vínanda (ethylalkohol) má ekki afhenda til notkunar á áttavita frá 1. janúar 1929 að telja.

6. gr.

Hver sem þarf að fá áfengi til verklegra nota, og vill afla sjer þess, skal snúa sjer skriflega til forstöðumanns áfengisverslunar. Skal hann láta fylgja beiðni sinni vottorð frá hlutaðeigandi hreppstjóra og sóknarpresti sínum, ef áfengisbeiðandi á heima í hreppi, ella frá lögreglustjóra og sóknarpresti, um það, að beiðanda sje trúandi til að nota áfengið einungis til iðnar sinnar, en alls ekki til neyslu eða drykkjar.

Þegar forstöðumaður áfengisverslunar hefir gengið úr skugga um, að beiðandi þurfi áfengi til verklegra nota og hversu mikið, ritar hann nafn iðnaðarfyrtækisins, iðnað mannsins eða verk vísindastofnunarinnar í sjerstaka bók, og hversu mikið og hverskonar áfengi hlutaðeigandi megi fá. Eigi gildir heimildin í hvert sinn nema til næsta nýárs. Skal forstöðumaðurinn fara í þessu efni eftir brjefi stjórnsarráðsins til lögreglustjóranna frá 14. jan. 1918 (Stj.tíð. 1918, B, bls. 1) og fyrirmælum stjórnsarráðsins, er síðar kunna að verða gefin.

Sje um óvenjulega áfengisbeiðni að ræða, og meira en telja má sennilegt að áfengisbeiðandi þurfi til iðnar sinnar eða rannsóknar, ber forstöðumanni að gera ráðuneytinu aðvart, er leggur fullnaðarúrskurð á að hve miklu leyti skal sinna slíkri beiðni.

7. gr.

Áfengisverslunin ein lætur af hendi alt það áfengi, er um ræðir í 4. gr. a—c í reglugjörð þessari, og skal forstöðumaður gæta þess vandlega að ekki sje meira afhent en leyfilegt er samkvæmt 6. gr.

Hvert áfengisílát, sem afhent er, skal merkt nafni seljanda og tegundarheiti áfengisins. 78
21. nóv.

8. gr.

Forstöðumaður áfengisverslunar skal í byrjun hvers árs senda ráðuneytinu skýrslu um öll áfengisútlát, samkvæmt reglugjörð þessari. Skýrslu þessa lætur ráðuneytið síðan birta á prenti fyrir lok febrúarmánaðar sama ár, þannig að tilgreint sje greinilega nafn hvers þess, er áfengi hefir fengið samkvæmt þessari reglugjörð undanfarið ár, og hve mikið að lítratali.

9. gr.

Áfengi til eldsneytis (suðuvökva) skal gert óhæft til drykkjar á þann hátt, sem forstöðumenn efnarannsóknarstofunnar og áfengisverslunar ákveða.

10. gr.

Suðuvínanda má hver verslun selja eftir þessum reglum:

Innanbæjar eða innankauptúnsmönnum má ekki selja meira í einu en $\frac{3}{4}$ lítra og öðrum ekki meira en 2 lítra.

Þar sem sjerstaklega stendur á, svo sem um skip, sem eiga langa leið fyrir höndum, má selja meira en að ofan greinir.

11. gr.

Allar áfengisbækur, er gefnar hafa verið út áður en reglugerð þessi kom í gildi, eru ógildar.

12. gr.

Um brot gegn reglugjörð þessari fer eftir fyrirmælum laga nr. 64 og 69 frá 1928.

78**13. gr.**

21. nóv.

Reglugjörð þessi gengur í gildi 1. jan. 1929 og er þá jafnframt úr gildi feld reglugjörð nr. 66 frá 1922 um sölu á iðnaðaráfengi, suðuvökva o. fl.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 21. nóv. 1928.

Jónas Jónsson.

Sigf. M. Johnsen.